

---

# REYNIVELLIR Í KJÓSARHREPPI

## FORNLEIFASKRÁNING VEGNA SKÓGRÆKTAR

---



GYLFI HELGASON (RITSTJ.)

Höfundar efnis: Gylfi Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck

---

REYKJAVÍK 2022  
FS879-2145

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Ljósmynd á forsíðu er af rétt GK-348:020, horft til suðausturs*

*Ljósmynd: Gylfi Helgason*

©2022

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES  
BRÆDRABORGARSTÍGUR 9  
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar í landi Reynivalla í Kjós. Skráningin var unnin fyrir Biskupsstofu vegna fyrirhugaðrar skógræktar á 57 ha svæði innan jarðarinnar. Skógræktarsvæðið er innan tveggja reita ofan Kjósarskarðsvegur (48), neðarlega í hlíðum Reynifellsháls og utan við gamla heimatún jarðarinnar.

Aðalskráning var unnin á jörðinni árið 2012 en nú voru minjar sem þá voru skráðar mældar upp með nákvæmum hætti og úttektarsvæðið þaulgengið í leit að áður óþekktum minjum. Vettvangsskráning fór fram í byrjun apríl 2022. Alls voru skráðar 28 minjar innan svæðisins sem tilheyrir Reynivöllum (GK-348) og eyðibýlinu Vesturkoti (GK-349). Flestar fornleifar voru skráðar norðvestast og suðaustast á úttektarsvæðinu. Á norðvestur-hluta svæðisins eru ummerki um býlið Vesturkot og í suðaustur-hlutanum voru einkum margvíslegar minjar sem tengjast búskap á Reynivöllum og gamlar leiðir. Fornleifar innan úttektarsvæðisins voru almennt metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðrar skógræktar en minjastaðir sem voru rétt utan svæðis voru metnir í hættu vegna mögulegs rasks. Þeir minjastaðir sem ekki sjást lengur á yfirborði og talið er víst að séu alveg horfnir voru ekki metnir í neinni hættu.

### *Efnisorð*

Fornleifaskráning, skógrækt, býli, útihús, Reynivellir, Kjósarhreppur

## Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in the spring 2022 within a c 57 ha assessment area at the farm Reynivellir in Kjós (W-Iceland) in advance of a planned forestry. The work was carried out for the landowners, The Evangelical Lutheran Church of Iceland. The assessment area is in a slope at the foot of a high ridge – Reynivallaháls, outside of the old homefield of Reynivellir.

Overall, 28 archaeological sites were identified. Much of the archaeology is either located near the North-West end or the South-East end of the assessed area. The sites situated at the North-West end are mostly remains of a small farm called Vesturkot. Within the South-East part of the area there are mostly old routes and animal houses (eg sheep shelters) belonging to the farm Reynivellir. Archaeological sites within the assessed area were considered to be at high risk from the proposed forestry, but the sites that are just outside of the area are considered to be at moderate risk. Sites that are no longer visible from the surface and are thought to be completely destroyed are considered to be at no risk at all.

### *Keywords*

Archaeology, detailed survey, forestry, farm, outhouses, Reynivellir, Kjósarhreppur



# Efnisyfirlit

|   |   |    |
|---|---|----|
| 1 | INNGANGUR .....                             | 7  |
| 2 | SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF .....   | 8  |
| 3 | AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU .....       | 11 |
| 4 | FORNLEIFASKRÁ .....                         | 13 |
| 5 | FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS ..... | 34 |
|   | HEIMILDASKRÁ .....                          | 39 |

## VIÐAUKI

Hnitaskrá ISN93

Minjakort



# 1 Inngangur


Við lok árs 2021 fór Biskupsstofa þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses. að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa á um 57 ha svæði á jörðinni Reynivöllum í Kjósarhreppi vegna fyrirætlana um skógrækt. Skógræktarsvæðið er innan tveggja reita ofan Kjósarskarðsvegur (48), neðarlega í hlíðum Reynifellsháls og utan við gamla heimatún jarðarinnar (mynd 1).

Aðalskráning fornminja á Reynivöllum fór fram 2012 og voru þekktar 20 fornleifar innan úttektarsvæðisins úr þeirri skráningu.<sup>1</sup> Þegar farið var aftur á vettvang í aprílbyrjun 2022 voru minjar sem áður höfðu verið skráðar mældar upp og við kerfisbundnar göngur um svæðið fundust átta fornleifar til viðbótar. Svæðið sem taka á undir skógrækt er neðst í fjallshlíð, rétt ofan við núverandi bæjarstæði jarðarinnar. Það er grasi gróið að miklu leyti og er í aflíðandi halla til suðurs og suðvesturs. Talsvert er um skorninga og gil, sérstaklega á norðvestur-hluta svæðisins.

Um skráningu sáu Gylfi Helgason og Lilja Laufey Davíðsdóttir en skýrslugerð og kortavinna var í höndum Gylfa Helgasonar. Allar ljósmyndir í skýrslunni voru teknar af skrásetjum Fornleifastofnunar. Skýrsla þessi byggð upp á svipaðan hátt og deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um skráningarkerfi FSÍ og aðferðir og í þeim fjórða er skrá yfir fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta og síðasta kaflanum er umfjöllun um fornleifar innan úttektarsvæða og helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði (ISN93) og minjakort.

---

<sup>1</sup> Sólveig Guðmundsdóttir Beck 2012.



Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis. Loftmynd frá Loftmyndum ehf



## 2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og óskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum

þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-348:001). Þær minjar sem skráðar voru innan fyrirhugaðrar skógræktar eru allar innan marka lögbýlisins Reynivalla (GK-348) og eyðibýlisins Vesturkots (GK-349) sem tilheyrir nú (2022) Reynivöllum. Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsen's      Númer fornleifar á tiltekinni jörð      Sérhafi      Tegund      Hlutarverk      Hlutarstaða í landslutarakerfi ISN93

Sýslurákn      **SP-175-009**      Sveinshlaða      Tófl      Hlaða      E: 528751      N: 352323

*Sveinshlaða 009, horfi til norðurs*

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt ótíhús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarsteði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarsteði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðuóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skafartúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóflin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóflarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innamáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innamáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það tórlhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innamáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Höflin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en höflin norðvestan við hana. Nokkur höflmyndun er undir norðvesturhluta tóflarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna vegagerðar      → Hætta sem stöðjar að fornleif

**Heimildir:** Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Skýringarmynd. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

## 4 Fornleifaskrá

### GK-348 Reynivellir

#### *Sögulegar heimildir*

**1686:** Dýrleiki ekki gefin upp, Beneficial, samkvæmt **BL**, bls. 134.

**1696:** 30 hdr, Beneficial, samkvæmt **BL**, bls. 134.

**1705:** Dýrleiki ekki gefin upp 1705 vegna þess að þá var jörðin í eyði eftir snjóflóð sem féll um 1699. Þá var henni skipt upp í 3 býli, Nýjabæ [003], Austurkot [015] og Vesturkot [GK-349:001] sem öll voru í byggð.

**1847:** Beneficial. 30 hdr. „Jarðabækurnar nefna bæði Vesturkot [GK-349:001] og Austurkot [GK-348:015].“ **JJ**, bls. 100 (nmgr.) Staður.

Kirkjunnar [002] á Reynivöllum er fyrst getið í máldaga Ingunnarstaðakirkju og kirkjunnar í Eyjum: **[1180]:** „ef enginn fæsc prestr. [á Ingunnarstöðum] Þa scolo reynevellingar fyrst eiga kost at lata syngia til Þessa kaups ef Þeir vilia,“ **DI I**, bls. 266.

**[1180]:** „Mariu kirkia i Eyivm [...] Þar scal syngia annan hvern dag loghelgan af reyne vollom.“ **DI I**, 267.

**c 1200:** „veisla ger mót Páli bp á yfirreið,“ **Biskupasögur I**, bls. 340.

**1200:** Kirkjunnar er næst getið í kirknaskrá Páls biksups. **DI XII**, bls. 9.

Í máldaga kirkjunnar frá **1352** segir: „a kirkian. allt heima lannd og eina vtjord er heitir j sornne. þridiung j laxafossi oc særliga siovarfoss. Bollstædijnnga hyl. kiosar sker. fiogara tiga sauda beit j mula lannd. lamba hofnn j eilyfsdal. ellefu tigum. ij manada beit gomlum saudum j sanndfellz hlijd oc skiolgard j vinndaslanndi oc kastar skurdur. er annar kastar skurdur j eyjarlannd. þridie til valldastada. xij rossa beit j þufu lannd. vj j eyrar lannd.“ **DI III**, bls. 70-71.

**1367:** „xliv. Mariukirkia a Reynevollum a heimaland alltt Sornns land. þridiung j laxfoss. Sioarfoss allann.“ **DI III**, bls. 219.

Í Vilcinsbók frá því um **1397** segir: „a heimaland allt. Sornnsland. þridiung j Laxfossi. Sioarfoss allann. Kiosarskier. Bollstædingahylur. tuær skogartoptter j Skoradal oc ein j Svijnada.“ **DI IV**, 116-117.

Í máldaga Eyjakirkju frá **1397** segir: „[til Eyja] skal syngia annann hvern dag loghelgann af Reynivollumm. paskadag oc kyndilmessv.“ **DI IV**, bls. 116.

Í máldaga Ingunnarstaðakirkju frá því **1397** segir: „ef ei fæst prestur. [á Ingunnarstöðum] Þa skulu Reynivellingar fyrst eiga kost ad lata syngia,“ **DI IV**, bls. 118.

Í máldaga kirkjunnar frá því um **1478** segir: „Mariukirkia a reynivollum j kios a heimalannd allt sornns lannd. þridiung j laxfoss. sioarfoss allann. kiosarsker. bollstædijnngahyl. ij skogartoptter j skoradal oc eina j suijnadal. kastar skurd j vinndas lannd. annan j þorlaksstada lannd. þ[ridia] j ualldastada lannd. tueggia manada beit aullu saudfee a ve[tur]inn j sandfellzhlijd oc skiolgard j vinndaslannd. xl sauda hofnn j mula fiall oc skiol j mariuhelle oc scal sa telia epter hueria hrijd sem byr ä mula. lammba beit j lammbatungur j eileifsdal. xij hrossa beit a veturinn j þufu land. vj hrossa beit [j] eyrar lannd.“ **DI VI**, bls. 178-79.

**1486:** Bréf um kirkjuna. **DI VI**, bls. 586-87.

**1575:** Máldagi kirkjunnar **DI XV**, bls. 632-633.

**1847:** „Jarðabækurnar nefna bæði Vesturkot [GK-349:001] og Austurkot [GK-348:015].“ **JJ**, bls. 100 (nmgr.). Einnig var um tíma búið á Reynivallaseli GK-348b:001 og á Gerði GK-348:025 en þar var byggt timburhús yfir vinnumann um 1930.

#### *Landkastir*

**1705:** „Túnin eru stórlega fordjörfuð, þau eru sjálum heimastaðnum fylgdu, og mikinn part eyðilögð, og er jafnan voði fyrir meiri skaða, so að ekki dirfast menn bygd að setja í hinu forna bæjarstæði síðan snjóflóð 1699 yfirfjell staðinn, braut hús, deyddi prestinn og 6 manneskjur aðrar, en beinbraut og limlesti þá, sem þó urðu með stórerfiði úr snjóflóðarústunum með mannsöfnuð upp mokaðir og náðust lífs, en þó að bana komnir. Engið, sem þó er bæði gott og mikið, skemmir stundum Laxá með grjóti og aur, þar með eru foruð

á engjavegi, so að ekki verður tilsókt nema brúkað sje. Landþröngt er, so að ábúendur verða engið að beita, því að heimahagar eru mikinn part fordjarfaðir af skriðum.“ **JÁM** III, bls. 425.

**1847:** „Hve mikinn fénað prestsetrið Reynivellir framfæri, skýrir prestur eigi frá, en segir, að 5 kúg. fylgi heimajörðunni, og að túnið sé undirorpið skemmdum af snjóflóðum og aurskriðum, ef eigi árlega er við gjört með mannafla og kostnaði. Staðurinn á rétt til móskurðar og skóg til kola á Vindási, svo og skógarreit í Reynivallatúngum í Skoradal, en óvist var (1839) hvort hann á laxveiði í Laxá, sem eigi heldur í mörg undanfarin ár hefir verið notuð.“ **JJ**, bls. 104-105

**1917:** Tún 6,7 teigar auk grafreitir 0,17 teigar. Túnin slétt og greiðfær. Garðar 1500 m<sup>2</sup>.

**GK-348:014** garðlag túngarður A 378391 N 428428

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá hlaðinn túngarður aðeins meðfram suðurhlíð heimatúns frá malarvegi 023 við suðausturhorn hesthúss 010, í austur um 120 m að suðvesturhorni tóftar 012. Frá suðausturhorni tóftar 012 beygði það í ASA út úr heimatúni upp í hlíðar Reynivallaháls. Nú (2010) eru aðeins brot af þessum túngarði ennþá til staðar og innan úttektarsvæðis 2022 er um síðari tíma framlengingu að ræða sem nær inn á úttektarsvæðið. Brot A er um 70 m suðvestan við núverandi íbúðarhús (1956) og um 25 m norðaustan við þúst 010. Brot B er austan við tóft 012 um 130 m austan við núverandi íbúðarhús. Garðlagið var upphaflega skráð í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsótt vegna fyrirætlana um skógrækt vorið 2022 og þá mælt upp.

Garðlagið liggur að mestu um þýft og grýtt graslendi í suðvesturrótum Reynivallaháls. Þar sem garðlagið er horfið eru deigar grasigrónar mýrar. Landslagið er greinilega sléttara og grónara innan við garðlagið í heimatúni á meðan það er þýfðara og grýttara utan eða sunnan við túngarðinn.



Túngarður 014, horf til suðvesturs.

Túngarðurinn er mjög siginn, grjóthlaðinn, 0,5-1 m á breidd, 0,2-1 m á hæð og samanlagt um 230 m á lengd. Upphaflega má ætla að hann hafi verið um 330-350 m á lengd. Garðlagið afmarkaði því ekkert ákveðið svæði heldur aðeins suðurenda heimatúns frá bæjarhól 001 og malarvegi 023 upp í kletta Reynivallaháls. Hann liggur þó í gleiðum beygjum og bugðum yfir svæði sem er um 340 m á lengd, um 40 m á breidd og snýr gróflega norðaustur-suðvestur. Garðurinn er mjög ógreinilegur og aðeins um 10 m á lengd SSV við núverandi íbúðarhús þar sem hann liggur í norðaustur upp á hæðina ofan við bæjarranann. Þaðan virðist hann alveg horfinn á um 120 m löngum kafla að tóft 012 trúlega vegna sléttunar. Frá tóft 012 liggur hann um 90 m í austur áður en hann beygir upp í fjall til norðausturs. Þaðan liggur garðlagið um 135 m í norðaustur áður en það hverfur í grýtta fjallshlíðina. Vorið 2022 var farið aftur á svæðið vegna áætlana um skógrækt á jörðinni. Garðurinn skiptist í 5 hluta (A-D). Hlutar C, D og E eru innan áætlaðs

skógræktarsvæðis á Reynivöllum. Hluti C liggur innan svæðis á 65 m löngum kafla, norðaustur-suðvestur. Hann er um 1,5 m á breidd og grjóthlaðinn 2-4 umför sjást í túngarðinum og hleðsluhæð er 0,5-0,6 m. Nokkuð hrun er í kringum garðinn. Hluti D er mjög útflattur, 0,2 m á hæð. Hluti E er nyrsti hluti túngarðsins og er hlaðinn upp við klettabelti í fjallshlíðinni. Hann liggur norðaustur-suðvestur á 15 m löngum kafla. Hluti E er mjög hruninn og nánast útflattur. Hann er um 2 m á breidd og aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Sumstaðar sést 1 umfar af hleðslum og í syðsta parti hans sjást 2 umför og þar er hann 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 137-138

**GK-348:019** *Kirkjustígur* vegur leið A 3788255 N 428684



Yfirlitsmynd af Kirkjustíg 019. ©Loftmyndir ehf. Gula línan er afmörkun úttektarsvæðis.

„Austan við Kippgil tekur við stórt og mikið holt, sem heitir Hjallholt [018] og er upp af kirkjunni [004]. Hér upp af bæ [001] lá gamall vegur yfir hálsinn og var nefndur Kirkjustígur. Hann byrjaði vestur við Kipp á Hjallholti heldur smáhækkandi, rétt austur að Þinghúsgili, er síðar getur. Síðan aftur til baka og áfram í krókum,“ segir í örnefnaskrá. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir um stíginn: „Þegar farin var styttri leiðin inn í Brynjudalinn, var farið upp svo nefndan Kirkjustíg, sem er beint fyrir ofan (norðan) prestsetrið á Reynivöllum. Er Kirkjustígurinn allbrattur [...]. Á sumrin er ekkert við hann að athuga, en getur orðið allerfiður vegna hálfu á vetrum. Fyrir ofan Kirkjustíginn tekur við Fannahlíð [...].“ Kirkjustígur lá frá bæjarhól Reynivalla 001 upp fyrir Hjallholt, upp með bæjargili austanverðu og þaðan í bugðum og beygjum upp á Reynivallaháls, um 220 m norðaustan við bæ 001 og sléttum 140 m norðan við tóft 044. Kirkjustígurinn er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1910. Stígurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna fyrirætlana um skógrækt 2022 og var þá mældur upp.




Stígurinn liggur um grösugar og grýttar lágur og brattar brekkur yfir sendinn og ógróinn Reynivallaháls.

Kirkjustígur var gönguleið yfir Reynivallaháls frá Reynivöllum en hann tengist Svínaskarðsleið 356:026 í austri í landi Fossár. Stígurinn lá frá Fossá og Hvítanesi GK-355 til kirkju að Reynivöllum 001. Ennþá er stígurinn mjög greinilegur á köflum og er hann 0,2-0,5 m breiður. Hann liggur þvert yfir deiliskípulagssvæðið 2022 og er greinulegur á um 220 m löngun kafla þar. Neðst á svæðinu liggur hann VNV-ASA á um 100 m löngum kafla en sveigir til norðurs og heldur þeirri stefnu í um 115 m löngun kafla Seinustu 5 m innan deiliskípulagssvæði liggur vegurinn ANA-VSV. Samkvæmt Séra Gunnari Kristjánssyni og Önnu Höskuldsdóttur konu hans var stígurinn áður enn greinilegi og vel fær í hlíð Reynivallaháls ofan við bæinn en eftir að hætt var að nota hann eitthvað að ráði hefur hann verið að hverfa í skriður meira og meira. Kirkjustígur var einnig skráður undir númeri 356:034 í landi Fossár.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Ö-Reynivellir, 1-2; HJ Ljósmyndir I, 11; Hkort 36 SV; Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 140

**GK-348:020** tóft rétt A 378393 N 428463



Grjóthlaðin rétt er um 310 m ANA við bæjarstæði 003 og 30 m norðvestan við túngarð 014, fast suðvestan undir Reynivallahálsi. Réttin var upphaflega skráð í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsótt vegna fyrirætlana um skógrækt vorið 2022 og var þá mæld upp.

Á þessu svæði er grasgróin laut í brekku sem hallar smávægilega til VSV.

Réttin er einföld, ferköntuð og grjóthlaðin. Hún er um 12,5 x 11 m stór og snýr VNV-ASA. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,4-9 m á hæð. Grjótið í réttinni er mosagróið og botn hennar er grasi gróið. Innanmál er um 7 x 6 m. Gengið var inn í tóftina að suðvestan um 1 m breiðan inngang um 3 m suðaustan við norðvesturhorn. Mikið grjóthrun úr veggjum er inni í tóftinni. Norðausturveggur réttar er bæði myndaður af náttúrulegum jarðföstum klöppum í hlíð Reynivallaháls sem hallar um 45° niður að tóftinni og grjóthleðslu.



Efri: Yfirlitsmynd af rétt 020, ©Loftmyndir ehf.  
Neðri: Sama rétt, horf til suðausturs.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**GK-348:023** vegur leið A 377748 N 428665

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 lá gamli þjóðvegurinn gróflega NNV-SSA í boga austan við bæjarstæði 003, vestan við Reynivallakirkju 004 og fast vestan við kirkjugarð 002 í átt að Sogn Vegurinn er einnig merkur inn herföngjaráðskort frá 1910. Staðurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna fyrirætlana um skógrækt 2022 og vegurinn mældur upp.

Vegurinn liggur meðfram grasgrónum bæjarrana Reynivalla um sléttuð tún og grasbala.



Yfirlitsmynd af vegi 023. ©Loftmyndir ehf.



Vegur 023, horft til austurs.

Vegurinn sést vel og liggur gróflega NNV-SSA frá nýlegum útihúsum á Reynivöllum í suðri í átt að Sogni GK-350 í norðri. Vegurinn er greinilegur innan deiliskipulagssvæðis 2022. Þar liggur hann VNV-ASA, á um 100 m löngum kafla. Hann er aðeins rofinn rétt austarlega við miðbik vegarins. Vegurinn er upphlaðinn og gróinn. Hann rís 0,2-0,4 m hærra en umhverfið og er mest 3 m á breidd. Utan úttektarsvæðis, hverfur vegurinn VSV við Reynivallakirkju 004 undir malbikað plan og bílastæði. Vegurinn er 3-4 m á breidd, <0,3 m á dýpt og malarborinn og/eða að hluta grasgróinn. Samkvæmt túnakorti var vegurinn í heimatúni um 440


m á lengd. Í landi Reynivalla sést vegurinn á um 630 m löngum kafla frá gömlum útihúsum í suðaustri um 140 m suðaustan við bæjarstæði 003 að sléttuðum túnum í landi Sogns í VNV um 470 m norðvestan við bæjarstæði 003.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Hkort 36 SV; Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 142-143

**GK-348:024** *Stekkjargil* tóft stekkur A 378656 N 428250

„Sunnan eða austan við Þinghúsgil [sjá 007] taka við nafnlausar brekkur að næsta gili, sem heitir Stekkjargil,“ segir í örnefnaskrá. Tóftin er óljós en er 50-70 m vestan við Stekkjargil, um 300 m suðaustan við túngarð 014 og um 580 m ASA við bæjarstæði 003. Staðurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna fyrirætlana um skógrækt 2022 og þá mældur upp.



Vinstri: Yfirlitsmynd af tóft 024. ©Loftmyndir ehf. Hægri: Mynd af sömu tóft, horft til suðurs.


Á þessu svæði er fremur brött grasgróin brekka mót suðri við rætur Reynivallaháls.

Stekkurinn er tvískiptur og L-laga. Hann er um 8 x 7 m stór og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, um 0,8 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hólf A er um 2 m sunnan við hólf B. Hólf A er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið var inn í hólf B að norðvestan við suðvesturhorn hólf A. Hólf B er norðan við austurenda hólf A. Hólf B er um 2 x 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Enginn greinilegur inngangur er inn í hólf B en trúlega hefur verið gengið inn í það að sunnan úr hólf A. Í grjóthlaðnum veggjum tóftarinnar sjást 3-4 umför af hleðslum í austurgafli hólf A.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Ö-Reynivellir, 2

GK-348:026 01 *Borgardalur* tóft fjárskýli A 379115 N 427092



Yfirlitsmynd af tóftum 026. ©Loftmyndir ehf.

„Deplhálsar eru hæðir neðst í brekkunum. Þar vestur af er dalur, sem heitir Borgardalur, og austur við þann dal er klapparholt, sem heitir Gíslholt. Það holt er alveg á merkjum,“ segir í örnefnaskrá. Þrjár greinilegar fjárborgir eru um 1,7 km suðaustan við Reynivelli 003, um 600 m NNV við Gíslagötu 027 og 50-60 m ANA við Kjósarskarðsveg 48 við fjallsrætur Reynivallaháls. Minjasvæðið samanstendur af þremur tóftum, fjárborgum á Gíslholti. Þær eru á svæði sem er 40x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Fjárskýlin voru upphaflega skráð í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en þau voru aftur heimsótt vegna

fyrirætlana um skógrækt vorið 2022 og þá mæld upp.

Tóftirnar þrjár eru á mjóum grasgrónum rana eða hól sem er um 60 x 20 m stór, um 2 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Raninn rétt svo rúmar tóftirnar þrjár. Hóllinn er í sléttri, grasgróinni brekku sem hallar í 2-5° í VSV í Borgardal NNV-verðum.

Lýsingin hefst á tóft 01 sem er á suðvesturenda hólsins. Hún er vel grasi gróin og í glittir í hleðslugrjót í



Tóft 01, horft til norðausturs.

grasinu. Hleðslur eru signar eða 0,2-0,5 m á hæð og um 3 m á breidd. Tóftin er hringlaga, um 10 m í þvermál og með um 4 m hringlaga innanmál. Greinilegur 0,5 m breiður inngangur er á suðvesturhlíð tóftarinnar.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Ó-Reynivellir, 2

GK-348:026 02 tóft fjárskýli A 379144 N 427113



Tóft 02, horft til suðausturs.

Tóft 02 er á norðausturenda hólsins um 30 m norðvestan við tóft 01. Hún er vel grasigróin og í glittir í hleðslugrjót í grasinu. Hleðslur eru signar eða 0,2-0,5 m á hæð og um 3 m á breidd. Tóftin er einnig hringlaga, um 8 m í þvermál og með um 3 m hringlaga innanmál. Veggir eru mjög signir en hugsanlega hefur verið inngangur á NNV-hlíð hennar.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

GK-348:026 03 tóft fjárskýli A 379127 N 427101



Tóft 03, horft til norðurs.

Tóft 03 er á miðjum hólnum, um 3 m norðaustan við tóft 01. Hún er vel grasi gróin og glittir í hleðslugrjót í grasinu. Hleðslur eru signar eða 0,2-0,5 m á hæð og um 3 m á breidd. Tóftin er ferköntuð, um 10x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru signir og illa farnir en hægt er að greina tvö óljós hólfi. Hólf I er um 3 x 1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanlega hefur verið gengið inn í það að suðvestan. Hólf II er einnig um 3 x 1 m að innanmáli en snýr norðvestur-suðaustur. Hugsanlega hefur verið innangengt í hólfi II úr hólfi I en ekki er hægt að fullyrða neitt með vissu. Farið var aftur á vettvang árið 2022 í

tengslum við áætlaðan skógræktarreit á Reynivöllum og þá sáust aðeins ummerki um eitt hólfi í tóftinni. Það er 4x1 m að lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Þá virtist vera op á því suðvesturenda.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

GK-348:028 *Borgarstígur* heimild um leið A 379187 N 427233

„Þá er bezt að halda aftur vestur brúnirnar. Niður í Borgardalinn kemur stórt gil, sem heitir Borgardalsgil, og vestan við það liggur Borgarstígur upp á fjallið,“ segir í örnefnaskrá. Engin greinileg ummerki um Borgarstíg eru við Borgardalsgil nú (2010). Leiðin var upphaflega skráð í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 og var aftur leitað að henni vegna fyrirætlana um skógrækt 2022.

Á þessu svæði er grýtt og grasigróin fjallshlíð og klettur sem halla í 45-90° til suðvesturs.

Ekki er alveg ljóst hvar gengið hefur verið upp því fjallið er á þessum stað mjög bratt. Hugsanlegt er að leið hafi legið sikk-sakk upp hlíðina á topp Reynivallaháls fast norðvestan við Borgardalsgilið en sú leið hefur

verið hættuleg. Þar eru lausar skriður. Gatan hefur sannarlega ekki verið alfaraleið. Aftur var leitað að götunni vorið 2022 en þá sáust heldur engin ummerki um hana.

**Hættumat:** Engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reynivellir, 3

**GK-348:036** heimild um klakhús A 377932 N 428798

Samkvæmt Gunnari Kristjánssyni, fyrrverandi prófasti á Reynivöllum, var gerð tilraun til laxeldis á bænum fast suðvestur undir Vesturkoti GK-349:002 um 440 m NNV við bæjarstaði 003 þar sem óþrjótandi vatnssuppspretta er við rætur Reynivallaháls. Segir séra Gunnar frá þessum tilraunum í grein sinni í Kjósinni í Árbók ferðafélagsins frá árinu 1985. Í bókinni Laxa- og silungaklak á Íslandi eftir Þórð Flóventsson segir um staðsetningu klakhússins: „Komst um kvöldið út að Reynivöllum til sjera Halldórs [Jónssonar] [...] Hann sýndi mér þá ágætu vatnslind, sem þar er rjett ofan við túnið, og tóftarbrotið, þar sem klakhúsið hafði staðið endur fyrir löngu, eða um 1882.“ Í grein Alberts Erlingssonar í *Veiðimanninum* 1948 segir um framkvæmdirnar: „... þá kom hingað sænskur klakmaður, sem kundi vel til þeirra hluta, til að annast um klakið. Hann fór upp að Reynivöllum 23. sept. [1884] og fór hann þegar að láta smíða kassa, 3ja álna langan, 2ja álna háan og 1 3/4 álna breiðan, rifur voru á honum milli borðanna, nema í lokinu, þumlungsbreiðar, til þess að vatnið gæti runnið í gegnum hann. Kassa þessum var komið fyrir á hentugum stað í Laxá. Síðan var farið að veiða, til þess að fá hrogn. 13 hrygnur og 18 hængar náðust, og voru geymd í kassanum. Þá var og byggður kofi, og veitt í hann lindarvatni, og þar voru tilfæringarnar til klaksins.“ Klakið á Reynivöllum tókst ágætlega en lagðist af árið 1887 vegna fjárskorts. Ekkert er sagt um nákvæma staðsetningu klakhússins í grein Alberts. Í bók Þórðar Flóventssonar segir um mannvirkin: „...skurður hafði verið grafinn úr læknum og leitt inn í klakhúsið, og hafði því vatnið runnið eftir moldarskurði inn í húsið, og þá hafði moldin sest á hrognin og eyðilagt þau, og var þetta klakhús víst ekki notað nema árið.“ Staðurinn var upphaflega skráður við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur í vorbyrjun 2022 vegna fyrirætlana um skógrækt en engar breytingar voru gerðar á eldri skráningu.


Svæðið er í frekar sléttri brekku sem hallar í smávægilega til VSV.

Fast neðan og SSV við tóft 349:002 í Vesturkoti GK-349 er grasigróinn um 8 x 4 m stór og <0,3 m djúpur blautur pyttur sem snýr norðvestur-suðaustur. Lítil lækjarspræna rennur úr pyttinum niður brekkuna til VSV. Engin greinileg merki um laxeldi eru sjáanleg. Ekki er ólíklegt að fyllt hafi verið upp í ummerkin eftir að laxeldið lagðist af. Klakhúsið sjálft hefur þó trúlega eftir lýsingum Þórðar að dæma verið neðar í brekkunum en sjálf lindin á meira sléttlendi.

**Hættumat:** Engin hætta

**Heimildir:** ÁFÍ 1985, 186; Laxa- og silungaklak, 86-87; Veiðimaðurinn 1948, 15,32

**GK-348:043** tóft útihús A 378230 N 428539



Yfirlitsmynd af tóft 043. ©Loftmyndir ehf.

Einföld tóft er um 50 m NNA við hesthús 013, um 170 m NNA við núverandi íbúðarhús og um 160 ANA við Reynivallakirkju 004. Staðurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna fyrirætlana um skógrækt 2022 og var tóftin þá mæld upp. Aðeins norðurhluti tóftarinnar er innan úttektarsvæðis 2022.

Á þessu svæði er þýfð brekka sem hallar lítilllega til suðvestur. 5-10 m norðvestan við tóftina er skógræktarreitur. Fast SSA

og norðan við tóftina er vírgirðing.

Tóftin er einföld, um 7,5 x 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru grasigrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,6 m á hæð. Gengið var inn í tóftina að suðvestan um 0,5 m breiðan inngang. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en þetta er sennilega útihús.


**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 154



Tóft 043, horft til norðurs.

GK-348:046 01 garðlag landamerki A 377951 N 428947



Yfirlitsmynd af garðlögum 046 01-02. ©Loftmyndir ehf.



Garðlag 046 01, horft til suðurs.

Á landamerkjum milli Sogns GK-350 og Reynivalla er grjóthlaðið garðlag, rúmum 380 m norðvestan við bæ 001 og sléttum 110 m norðvestan við Vesturkot GK-349:001. Garðurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna fyrirætlana um skógrækt 2022 og var garðlagið mælt upp og lýsing endurskoðuð. Auk landamerkjagarðs er annar lítilfjörlegur garður innan og norðvestan við hann og eru þeir á svæði sem er 190 x 22 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlögin eru 5 m utan við afmörkun skógræktarsvæðis sem rannsakað var með tilliti til fornminja vorið 2022 en helgunarsvæði garðanna (15 m)

nær innan þess og því voru þau skráð.

Garðarnir liggja gegnum grasgróna fjallshlíð sem er í dálitlum halla til VSV. Fast austan við garðlögin, neðarlega í hlíðinni, er 1-2 m breitt og 0,5-1,5 m djúpur skorningur.



Garðlag 046 01 og 02, horf til norðurs.

Hér er garðlagi 01 lýst sem er austan og austan og samsíða garðlagi 02. Það er grjóthlaðið, um 190 m á lengd, OG 1-1,2 m á breidd. Það er hæst til norðvesturs. 0,8 m á hæð, en lækkar skarpt til suðausturs og er þar um 0,3 m á hæð. Garðurinn liggur gróflega norðaustur-suðvestur á landamerkjum. Til suðvesturs eða í suðvestursenda hverfur garðlagið við læk þar sem hleðslurnar eru svolítið dreifðar. Til norðausturs hverfur garðlagið í skriður og fjallshlíð. Að hluta neðarlega á um 25 m löngum kafla er garðurinn aðeins sjáanlegur að suðvestanverðu. Mögulega hefur bakki myndast ofan við

garðinn á þessu svæði vegna skriðufalla og flóða.

**Hættumat:** Hætta, vegna skógræktar


**Heimildir:** Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 155

**GK-348:046 02** garðlag landamerki A 377868 N 428899

Hér er garðlag 02 skráð sem er um 5 m norðvestan við garðlag 01. Það er um 140 m langt og liggur norðaustur-suðvestur. Aðeins neðsta umfarið af veglegu grjóti sést og er það mjög gróið og sums staðar eru hleðslur alveg horfnar undir gróður. Garðurinn er hæstur til norðurs, 0,2 m á hæð. Mögulega er þetta aðeins gamlar undirstöður af girðingu sem hefur verið reist á staðnum, sennilega yngra en garðlag 01.

**Hættumat:** Hætta, vegna skógræktar

**GK-348:049** gata leið A 379117 N 427460



Yfirlitskort af leið 049. ©Loftmyndir ehf.


Gata liggur frá nýlegum útihúsum austast í heimatúni Reynivalla, framhjá stekki 024 og rétti 050 og endar við fjárborgir 026.

Gatan liggur neðarlega í fjallshlíðinni, í gegnum um grónar en grýttar hlíðar hennar.

Víða sést ein gata sem greinist þó á stöku stað. Gatan liggur að hluta til innan áætlaðs skógræktassvæðis á jörðinni. Hún er að mestu gróin, 0,3 m á breidd, einföld kindagata. Hún sést innan svæðis á 1,2 km löngum kafla. Hér er mögulega aðeins um fjárgötur að ræða.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

GK-348:050 tóft rétt A 378646 N 428093



Vinstri: Yfirlitsmynd af tóft 050. ©Loftmyndir ehf. Hægri: Mynd af sömu tóft, horft til suðvesturs.

Grjóthlaðin rétt er tæpum 780 m suðaustan við bæ 001 og 150 m sunnan við stekk 024. Gata 049 liggur fast norðaustan við hana.

Réttin er í mosa- og grasgróinni fjallshlíð. Talsvert hefur hrunið af grjóti úr hlíðinni og liggur það á dreif kringum réttina.

Réttin er 16.5 x 9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og innanmál hennar er 14x5 m. Réttin er ferhyrnd og sjást 1-2 umför af grjóti í veggjum hennar. Mikið hefur hrunið úr veggjum réttarinnar sem eru 0,3-0,5 m á hæð. Op er á réttinni á suðvetsurgafli. Veggir standa best á norðausturhlíð og þar sjást tvö umför af grjóti.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

GK-348:051 tóft óþekkt A 378032 N 428814



Vinstri: Yfirlitsmynd af tóft 051 og 52. ©Loftmyndir ehf. Hægri: Mynd af tóft 051, horft til norðurs.

Nokkru sunnan við Grunnagil er grjóthlaðin tóft í fjallshlíð, rúmum 220 m NNV við bæ 001 og 20 m austan við tóft 052.

Fjallshlíðin er smáþýfð og grasi gróin. Austan og vestan við tóftina renna fáeinar lækjarsprænur niður hlíðina.

Tóftin er einföld, 5 x 3 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin er lítillaga grafin inn í brekku til norðurs. Mest sjást allt að 2 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 0,5 m háar þar sem þær eru hæstar á norðurhlíð. Op er á tóftinni á miðri suðurhlíð. Í botni tóftarinnar er nokkuð grjóthrun sem gróid er yfir. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en til greina kemur að hún sé leifar af rétt eða stekk.



Hættumat: Stórhætta, vegna skógræktar

GK-348:052 tóft rétt A 378017 N 428819



Tóft 052, horft til VNV

Grjóthlaðin rétt er í fjallshlíð nokkru vestar en Kippur og sunnan við Grunnagil, rúmum 240 m norðvestan við bæ 001 og um 20 m vestan við tóft 051.

Fjallshlíðin er smábýft og grasi gróin. Fáeinar lækjarsprænur renna austan og vestan við tóftina.

Réttin er 8,5 x 6 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er hlaðin úr veglegu grjóti og sjást 1-2 umför í hleðslum sem eru 0,3-0,5 m á hæð. Gengið er inn í tóftina í norðvesturhorni hennar.

Hættumat: Stórhætta, vegna skógræktar

GK-348:053 tóft óþekkt A 378005 N 428711



**Skýring**

□ Afmörkun úttektarsvæðis

▨ Grjót



0 10 20 30 40 m

Yfirlitsmynd af tóft 053. © Loftmyndir ehf.

Niðurgrafin tóft er um 140 m norðvestan við bæ 001 og 100 m sunnan við tóft 051.

Tóftin er neðarlega í grösugri fjallshlíð, rétt norðan við lítinn trjálund.

Tóftin er einföld og er grafín um 0,6 m inn í brekku til NNV. Hún er 8 x 7 m að stærð, nálega ferhyrnd og snýr NNA-SSV. Ekki er hlaðinn veggur á SSA-hlíð tóftarinnar. Veggir eru hlaðnir úr grjóti en vegna gróðurs sést aðeins í 1-2 umför í hleðslum sem eru 0,5 m á hæð, innanmáls. Ekki er vitað hvert hlutverk tóftarinnar var en til greina kemur að hún hafi verið notuð sem rétt.

Hættumat: Stórhætta, vegna skógræktar

GK-348:054 tóft óþekkt A 378297 N 428488




Tóft 054, horft til suðurs

Einföld tóft er 270 m ANA við bæ 001 og 85 m ASA við útihús 043.

Tóftin er neðarlega í grasgróinni fjallshlíð. Sunnan við tóftina er óræktað svæði.

Tóftin er 8,5 x 4,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru hlaðnir úr grjóti og eru .eir 0,2-0,5 á hæð, veglegastir á norður- og austurhlið. Telja má allt að 2 umför en inn í tóftinni er nokkuð um grjóthrun sem er að hverfa undir gróður. Op er á tóftinni í norðvesturhorni hennar. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hún gæti hafa verið leifar af rétt.

Hættumat: Stórhætta, vegna skógræktar



Yfirlitsmynd af tóft 053. © Loftmyndir ehf.

## GK-349 Vesturkot

### *Sögulegar heimildir*

Hjáleiga Reynivalla (GK-348), í byggð 1705: „Vesturkot, þriðja býli, gömul hjáleiga. Dýrleikinn óviss, telst með heimastaðnum.“ JÁM III, 424. Byggð lögð niður árið 1877 samkvæmt bókinni Kjósarmenn eftir Harald Péturson (bls. 194).

### *Landkostir*

Á túnakorti Reynivalla frá 1917 stendur um Vesturkot: „Túnblettur, grýttur sumstaðar og raklendur, ekki notaður.“

GK-349:001 Vesturkot tóft bústaður A 377953 N 428835

„Skammt fyrir utan bæinn að Reynivöllum [GK-348:001] er gil á merkjum móti Sogni. Það heitir Kotagil. Þar inn af heitir Vesturkot. Þar var býli austur frá gílinu,“ segir í örnefnaskrá. „Kotin voru tvö, Vesturkot og Austurkot [348:015]. Austurkot var nokkru austan við Reynivelli. Það fór úr byggð fyrir aldamót. Vesturkot var fyrst nefnt Sólbrekka,“ segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Í bókinni Kjósarmenn segir um kotið: „Arnór Björnsson og fyrri kona hans Lilja Jónsdóttir tóku við búi í Vesturkoti af móður Lilju, og bjuggu þar 1857-1877, voru þau síðustu húsráðendur í Vesturkoti, við brottför þeirra var kotið lagt undir heimajörðina Reynivelli.“ Þar segir einnig: „Þessi bær var nefndur Sólbrekka 1753, en ekki hélzt það.“



Yfirlitsmynd af bæjatóft 01, fjárhúsi 02 og þúst 03. © Loftmyndir ehf.



Tóft 01, horft til norðurs.

Tóftir Vesturkots eru um 270 m NNV við Reynivelli 348:001, og sléttum 30 m norðan við fjárhús 002. Staðurinn var upphaflega skráður við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna fyrirætlana um skógrækt í vorbyrjun 2022. Þá var tóftin mæld upp og lítillega bætt við lýsingu.

Á þessu svæði er grasigróin, grýtt brekka sem hallar nokkuð til suðvesturs. Rétt austan við tóftina er gróið gil og þar rennur lækur en var fremur vatnslítill þegar skrásetjari var þar í apríl 2022.

Í bókinni Ljósmyndir IIa eftir Halldór Jónsson kemur fram að um 1900 voru í Vesturkoti aðeins rústir af bæjarhúsum og léleg fjárhús ásamt heykumli. Túnbletturinn var sleginn af prestsetrinu en síðar notaður sem kúahagi. Svæðið sem Vesturkotstóftir ná yfir er um 35 x 25 m stórt og snyr norðaustur-suðvestur. Bæjarstæðið er

mjög sigið og illa farið vegna ágangs búpenings en þó grasgróið. Bæjartóftin er um 25 x 17 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er lítillega grafin inn í hliðina til norðurs. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir, 0,4-1 m á hæð, hæstir til norðurs og austurs, og eru 2-5 m á breidd. Grjóthleðslur eru signar en greinilegar. Tóftinni virðist vera skipt upp í 5-6 hól sem öll snúa norðaustur- suðvestur og eru 0,2-1 m djúp. Gengið hefur verið inn í þau flest að suðvestan. Hólf A-C eru 0,5-1 m lægri en hól D og E í efri (norðaustur) hluta tóftar. Hólf A er í suðausturhorni tóftarinnar. Hólfið er um 3 x 2 m að innanmáli. Um 0,5 m breiður inngangur er við vesturhorn hólfsins á suðurhlið hólfsins. Hólf B er um 5 m norðvestan við hól A. Það er um 6 x 2 m að innanmáli en hefur nokkuð sigið saman. Gengið var inn um 0,3 m breiðan inngang við suðvesturhorn hólfsins. Hólf C er skýrast, um 7 x 3 m að innanmáli. Í miðju hólfinu er um 6 m löng, um 0,2

**Hættumat:** stórhætta, vegna skógræktar.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Ö-Reynivellir, 1; Ö-Reynivellir ath og viðb. GBK, 1; HJ: Ljósmyndir IIA, 183; Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 165

**GK-349:002** tóft fjárhús A 377943 N 428806

Fjárhústóft er um 5 m suðvestan (neðan) við bæjartóft 001. Í bókinni Ljósmyndir IIA eftir Halldór Jónsson kemur fram að um 1900 voru í Vesturkoti rústir af lélegu fjárhúsi ásamt heykumli. MJög líklegt er að tóftirnar séu af umræddum húsum. Tóftin var upphaflega skráð í tengslum við aðalskráningu fornminja í Kjós 2010 en var aftur heimsótt vegna fyrirætlana um skógrækt í vorbyrjun 2022. Þá var tóftin mæld upp og lítillega bætt við lýsingu.

Á þessu svæði er grasgróin, grýtt brekka sem hallar nokkuð til suðvesturs. Rétt austan við tóftina er gróið gil.



Fjárhús 02, horft til suðurs.

Tóftin er tvískipt, um 16 x 12 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru úr grjóti og torfi, um 2 m á breidd og 0,6 m á hæð, hæstir til norðurs. Hleðslur eru signar en veggir eru ennþá mjög greinilegir og glittir víða í grjóthleðslur, sérstaklega að innanverðu í hólfi A. Hólf A hefur líklegast verið fjárhús. Það er um 8 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Greinilegar 0,2-0,3 m háar og 1 m breiðar grjóthlaðnar garðaundirstöður eru í miðju hólfinu. Gengið var inn að suðvestan um 0,5 m breiðan inngang. Fast suðaustan við hólfið er hólfið B. Það er um 12 x 3 m að

innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Engar garðaundirstöður eru sjáanlegar í hólfinu. Hólf B nær um 2 m lengra í suðvestur en hólfið A (suðvesturveggur ekki meðtalinn). Óljóst er hvort hægt var að ganga inn í hólfið um op á norðvesturvegg en þar er stórt rof þar sem lind er fast suðvestan við tóftina. Hlutar af veggjum tóftarinnar virðast hafa horfið ofan í pyttinn, hugsanlega vegna tilrauna til laxeldis frá Reynivöllum, sjá 348:048. Líklega hefur hólfið verið heykumlið sem Halldór Jónsson getur um.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** HJ: Ljósmyndir IIA, 183; Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 166

GK-349:003 þúst útihús A 377950 N 428814




Þúst 03, horft til suðausturs.

útihúss.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 167

GK-349:004 tóft útihús A 377814 N 428792



Yfirlitsmynd af tóftum 004-006, ásamt þúst 007. © Loftmyndir ehf.

Tóft af útihúsi er rúmum 140 m suðvestan við bæ 001 og um 20 m VSV við útihús 006. Tóftin var upphaflega skráð við aðalskráningu í Kjós 2010 en var aftur heimsótt vegna fyrirætlana um skógrækt í vorbyrjun 2022. Þá var tóftin mæld upp og lítillega bætt við lýsingu.

Tóftin er í miðri grasgróinni fjallshlíð, rétt austan við lítil gil þar sem lækur rennur niður.



Tóft 004, horft til SSV

**GK-349:005** tóft útihús A 377801 N 428774

Tóft af útihúsi er rúmum 165 m suðvestan við bæ 001 og um 20 m SSV við útihús 004. Tóftin var upphaflega skráð við aðalskráningu í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna fyrirætlana um skógrækt í vorbyrjun 2022. Þá var tóftin mæld upp og lítillega bætt við lýsingu.

Tóftin er í miðri grasigróinni fjallshlíð, rétt austan við lítil gil þar sem lækur rennur niður.

Tóftin er einföld, um 11 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir standa grónir. Þeir eru um 1,5 m á breidd og 0,9 m á hæð. Víða glittir í veglegt hleðslugrjót en þó aðallega nálægt samföllnum innganginum inn í tóftina á suðvesturhlíð.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 167

**GK-349:006** tóft útihús A 377832 N 428790



Tóft 006, horft til norðurs

Tóftin er einföld, um 6 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru mjög signir og vel grasgrónir svo engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Veggir eru 0,7 m á hæð og um 2 m á breidd. Austurhluti tóftar, þar sem hún er grafin inn í brekku, er veglegastur. Gengið er inn í tóftina vestarlega á suðvesturhlíð hennar.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 167


Útihústóft er rúmum 120 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 20 m austan við útihús 004. Tóftin var upphaflega skráð sem þúst við aðalskráningu í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna fyrirætlana um skógrækt í vorbyrjun 2022. Þá var tóftin mæld upp og lýsing endurskoðuð. Tóftin er í miðri grasigróinni fjallshlíð og er hlaðin ofan á grasigróna bungu. Norðan og vestan við tóftina er gróið gil sem lækur rennur eftir.

Tóftin er 5,5 x 4,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Aðeins neðsta umfarið af grjóti sést sem er 0,1-0,3 m á hæð. Tóftin er mjög óskýr í suðurenda en verður greinilegri eftir því sem lengra dregur til norðurs. Ekki er

hlaðinn veggur á suðurhlíð tóftarinnar.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar  
**Heimildir:** Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 168

**GK-349:007** þúst útihús A 377827 N 428792




Yfirlitsmynd af tóftum 004-006, ásamt þúst 007. © Loftmyndir ehf.

0,2-0,4 m á dýpt og 1x1 m á kant. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt og enginn greinilegur inngangur. Hlutverk er óþekkt annað en að þetta er mögulega útihús.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar  
**Heimildir:** Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 168-169

**GK-349:008** tóft útihús A 377798 N 428821



Vinstri: Yfirlitsmynd af tóft 008. ©Loftmyndir ehf. Hægri: Mynd af sömu tóft, horft til norðurs.

Tóft af útihúsi er nokkru sunnar en Kotagil, rúmum 160 m suðvestan við bæ 001 og 40 m norðvestan við útihús 004. Tóftin var upphaflega skráð við aðalskráningu í Kjós 2010 en var aftur heimsóttur vegna skógræktahugmynda í vorbyrjun 2022. Þá var tóftin mæld upp og lýsing endurskoðuð. Tóftin er í miðri grasgróinni fjallshlíð og er hlaðin ofan á grasgróna bungu.

Tóftin er einföld, um 9 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru grasgrónir og mjög signir en þó glittir víða í hleðslugrjót. Veggirnir eru um 2 m á breidd og 0,2-0,8 m á hæð. Enginn greinilegur inngangur sést lengur á tóftinni en trúlega hefur verið gengið inn í hana að suðvestan. Innanmál tóftarinnar



er 5x1 m. Norðausturveggur tóftarinnar virðist þó ná 2-3 m lengra í norðvestur líkt og annað hólf hafi verið suðvestan við hann. Ekki er útilokað að framburður og skriðuföll úr Kotagili hafi valdið skemmdum á þessum hluta tóftarinnar. Hlutverk er óþekkt en trúlega hefur tóftin verið einhvers konar útihús.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2012), 169


**GK-349:009** tóft útihús A 377907 N 428812

Tóft af útihúsi er um 45 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m vestan við fjárhús 002.

Tóftin er á grasgrónu svæði, í miðri fjallshlíð. Snjóföf var yfir tóftinni og svæðinu í kring og þegar skrásetjari var þar í vorbyrjun 2022.

Tóftin er tvískipt. Hún er 12,5 x 4,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggir eru hlaðnir úr veglegu grjóti, 0,8 m á hæð en mikið grónir og aðeins sér í 1-2 umför. Hólfin eru nær jafnstór, um 3,5 x 2 m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Opið inn í austara hólfið er í suðvesturhorni hólsins en opið á vestara hólfinu er á miðjum suðurvegg.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna skógræktar



Vinstri: Yfirlitsmynd af tóft 009. ©Loftmyndir ehf. Hægri: Mynd af sömu tóft, horft til norðurs.

## 5 Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis

Skráning forminja innan fyrirhugaðra skógræktarreita á Reynivöllum í Kjós var unnin í vorbyrjun 2022. Samtals reyndust 28 minjar innan svæðisins (tafla 1). Flestar voru fornleifarnar á norðvestast og suðaustast á úttektarsvæðinu. Hér fyrir neðan verður fjallað stuttlega um fornleifarnar en í viðauka II er minjakort af svæðinu.

| Samtala    | Minjaleiningar | Sérhelti     | Tegund  | Hlutverk   | Hættumat    |
|------------|----------------|--------------|---------|------------|-------------|
| GK-348:014 | 1              |              | Garðlag | Túngarður  | Stórhætta   |
| GK-348:019 | 1              | Kirkjustigur | Vegur   | Leið       | Stórhætta   |
| GK-348:020 | 1              |              | Tóft    | Rétt       | Stórhætta   |
| GK-348:023 | 1              |              | Vegur   | Leið       | Stórhætta   |
| GK-348:024 | 1              | Stekkjargil  | Tóft    | Stekkur    | Stórhætta   |
| GK-348:026 | 3              | Borgardalur  | Tóft    | Fjárskýli  | Stórhætta   |
| GK-348:028 | 1              | Borgarstigur | Heimild | Leið       | Engin hætta |
| GK-348:036 | 1              |              | Heimild | Klakhús    | Engin hætta |
| GK-348:043 | 1              |              | Tóft    | Útihús     | Stórhætta   |
| GK-348:046 | 2              |              | Garðlag | Landamerki | Hætta       |
| DA-082:049 | 1              |              | Gata    | Leið       | Stórhætta   |
| GK-348:050 | 1              |              | Tóft    | Rétt       | Stórhætta   |
| GK-348:051 | 1              |              | Tóft    | Óþekkt     | Stórhætta   |
| GK-348:052 | 1              |              | Tóft    | Rétt       | Stórhætta   |
| GK-348:053 | 1              |              | Tóft    | Óþekkt     | Stórhætta   |
| GK-348:054 | 1              |              | Tóft    | Óþekkt     | Stórhætta   |
| GK-349:001 | 1              | Vesturkot    | Tóft    | Bústaður   | Stórhætta   |
| GK-349:002 | 1              |              | Tóft    | Fjánhús    | Stórhætta   |
| GK-349:003 | 1              |              | Þúst    | Útihús     | Stórhætta   |
| GK-349:004 | 1              |              | Tóft    | Útihús     | Stórhætta   |
| GK-349:005 | 1              |              | Tóft    | Útihús     | Stórhætta   |
| GK-349:006 | 1              |              | Tóft    | Útihús     | Stórhætta   |
| GK-349:007 | 1              |              | Þúst    | Útihús     | Stórhætta   |
| GK-349:008 | 1              |              | Tóft    | Útihús     | Stórhætta   |
| GK-349:009 | 1              |              | Tóft    | Útihús     | Stórhætta   |
|            | 28             |              |         |            |             |

Á norðvesturhluta úttektarsvæðisins voru alls skráðar 16 minjar. Flestar þeirra (9 minjar) tengjast búsetu í Vesturkoti (GK-349:001-009). Býlið var byggt út úr Reynivöllum árið 1699 en það ár féll snjóflóð á jörðina og var henni skipt upp í þrjú býli (Vesturkot, Austurkot og Nýjabæ).<sup>2</sup> Á 18. öld var Vesturkot nefnt Sólbrekka en það nafn hélst ekki lengi.<sup>3</sup> Búið var í Vesturkoti fram á miðja 19. öld er seinstu



Vesturkot GK-349:001, horft til suðvesturs.

ábendur fluttu burt og var jörðin lögð aftur undir Reynivelli í kjölfarið.<sup>4</sup> Allar þær minjar sem tilheyra Vesturkoti eru fremur stæðilegar, ef frá er talin þúst GK-349:003. Þær eru annað hvort grjóthlaðnar eða hlaðnar úr torfi og grjóti og eru mikið grónar. Sjálf býlistóftin (GK-349:001) er 25 x 17 m stór og snýr NNA-SSV. Hún skiptist í fimm hólf og er sæmilega varðveitt. Hún er lítillega grafin inn í halla til norðurs. Aðrar minjar á norðvestur-hluta svæðisins tengjast búskap á Reynivöllum. Þrjár grjóthlaðnar tóftir voru ofarlega í fjallshlíðinni (GK-348:051-053). Hlutverk þeirra er óþekkt en þó gæti tóft (GK-348:052) mögulega verið rétt. Við landamerki að Sogni (GK-350) voru landamerkjagarðar (GK-348:046 01-02) skráðir. Þeir eru báðir grjóthlaðnir en garður 01 er mun veglegri en 02, sem er nær útflattur og gróið yfir hleðslur. Garður 01 er hæstur til norðurs, 0,8 m á hæð, en lækkar skarpt til suðurs og er þar um 0,3 m á hæð. Ekki er útilokað að garður 02 sé aðeins grjóthleðsla undir vírgirðingu sem búið er að fjarlægja. Enn fremur var skráð leið (GK-348:023) en hún er merkt bæði inn á túnakort frá 1917<sup>5</sup> og inn á herföngjaráðskort frá 1910.<sup>6</sup> Vegurinn er upphlaðinn, gróinn og er mjög greinilegur innan úttektarsvæðisins. Hann liggur VNV-ASA á um 100 m löngum kafla. Vegurinn lá frá Reynivöllum í átt að Sogn.

Þrjár aðrar leiðir reyndust innan úttektarsvæðisins. Kirkjustígur (GK-348:019) liggur þvert í gegnum svæðið, nokkru norðaustan við kirkjugarðinn á Reynivöllum (sem er utan úttektarsvæðis).

<sup>2</sup> JÁM III, bls. 425.

<sup>3</sup> HJ, bls. 18.

<sup>4</sup> HJ, bls. 18.

<sup>5</sup> Túnakort 1917.

<sup>6</sup> Hkort 36 SV.



Leið GK-348:049, horft til NNV.

Stígurinn lá frá bæjarhól Reynivalla upp fyrir Hjallholt, upp með Bæjargili austanverðu og þaðan í bugðum og beygjum upp á Reynivallaháls, til Fossár. Kirkjustígur er einnig merktur inn á herforingjaráðskort frá 1910.<sup>7</sup> Leið (GK-348:049) liggur frá nýlegum útihúsum austast í heimatúni Reynivalla og endar við fjárskýli 026. Leiðin sést sem einföld kindagata sem tvístrast á fáeinum stöðum. Leiðin er greinanleg á um 1,2 km löngum kafla innan úttektarsvæðis. Einnig var heimild um Borgarstíg (GK-348:208) skráð. Hans er getið í örnefnaskrá<sup>8</sup> og lá hann rétt vestan við Borgargil og upp á fjallið. Ekki er alveg ljóst hvar gengið hefur verið upp því fjallið er mjög bratt á þessum stað. Engin ummerki um leiðina fundist á vettvangi.

Nokkur fjöldi af tóftum sem tengjast búskap á Reynivöllum var skráður. Tóftirnar eru allar grjóthlaðnar en oftast er gróið yfir hleðslur. Tvær af þessum tóftum eru réttir og er önnur þeirra, rétt (GK-348:050), litlu suðaustan við Stekkjargil. Réttin er einföld, nánast alveg ferköntuð og er 16,5 x 9 m að stærð. Önnur rétt var skráð rétt norðan við trjálund. Hún er einnig einföld og ferköntuð en aðeins minni: 11 x 8 m að stærð. Útihús (GK-348:043) var skráð rétt norðvestan við trjálund við gamla heimatún jarðarinnar. Tóftin er einföld, grjóthlaðin og eru veggir nokkur signir en ná þó mest 0,6 m hæð. Stekkur (GK-348:024) er rétt við Stekkjargil. Tóft hans er tvískipt, L-laga og eru veggir enn nokkuð heillegir. Á Gíslaholti í Borgardal eru leifar þriggja fjárborga (GK-348:026 01-03) á svæði sem er 40 x 10 m að stærð. Tóftir 01 og 02 eru hringlaga en tóft 03 er ferköntuð. Þær eru allar fremur heillegar en nokkuð gróið yfir hleðslur þótt það glitti í hleðslugrjót hér og þar.

Að lokum má nefna að norðausturhluti túngarðs (GK-348:014) var skráður. Hann er grjóthlaðinn og liggur þvert í gegnum úttektarsvæðið. Sá hluti garðsins sem er innan svæðisins er ekki merktur inn á túnakort frá 1917 en er hlaðinn í framhaldi af þeim garði, líklega eftir að kortið

<sup>7</sup> Hkort 36 SV.

<sup>8</sup> Ö-Reynivellir, bls. 3

var gert. Garðurinn endar rétt við kletta á Reynivallahálsi, og er mjög siginn og jafnvel útfluttur á nokkrum stöðum, einkum þó nyrst á úttekarsvæðinu.

### *Hættumat*

Flestar minjar innan úttekarsvæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra skógræktar. Minjar sem eru rétt utan við úttekarsvæðið voru aðeins skilgreindar í hættu af sömu sökum. Þær fornleifar sem ekki sjást lengur á yfirborði og talið er víst að séu alveg horfnar vegna mjög mikils rasks eru ekki metnar í neinni hættu. Alls voru 24 fornleifar (einingar) metnir í stórhættu, tvær fornleifar í hættu og tvær í engri hættu (tafla 1). Rétt er að geta þess að í hættumatinu er **ekki** fólgið mat á gildi fornleifa, heldur er því aðeins ætlað að vekja athygli á því að umræddir minjastaðir gætu verið í hættu vegna áætlana um skógrækt.

### *Samantekt*



Vesturkot GK-349:001, horft til suðausturs.

Fornleifaúttekt var unnin vegna fyrirhugaðra skógræktar við Reynivelli í Kjós í vorbyrjun 2022. Innan svæðisins reyndust 28 minjar. Flestar þeirra er á norðvestur- og suðausturhlutum svæðisins. Í norðvestur-hlutanum eru minjar um býlið Vesturkot fyrirferðarmestar. Í suðaustur-hlutanum er mest um fjárskýli og aðrar einfaldar tóftir sem tengjast skepnuhaldi á Reynivöllum.

Færri minjar fundust á yfirborði við miðhluta svæðisins en hluti þess er þó fast við norðausturmörk gamla heimatúnsins (eins og það var afmarkað 1917). Sérstakrar varúðar þarf því að gæta við ræktun á þeim slóðum en reynsla úr fornleifaskráningu hefur sýnt að í og við heimatún sé minjadreifing hvað þéttust. Meiri líkur eru því á að áður óþekktar minjar komi í ljós þar sem ekki sjást á yfirborði en á öðrum svæðum sem voru til skoðunar.

Mikilvægt er að nefna að þótt minjar séu metnar í stórhættu eða hættu þýðir það ekki að rask á þeim sé óhjákvæmilegt heldur aðeins að sá möguleiki sé fyrir hendi þegar kemur til

framkvæmda í tengslum við skógræktina og því þurfi að gæta að þeim. Þrátt fyrir að skráðar hafi verið allar þær minjar sem þekktar eru úr heimildum og/eða yfirborðsummerki fundust um er alltaf hugsanlegt að óþekktar minjar að komi í ljós við framkvæmdir. Komi sú staða upp þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er. Það er Minjastofnunar að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda. Minjastofnun mun einnig setja fram endanleg skilyrði um mótvægisáðgerðir þar sem fornleifar reynast í hættu vegna skógræktarinnar.

## Heimildaskrá

**ÁFI 1985:** *Í Kjósinni. Árbók Ferðafélags Íslands*. 1985. Reykjavík, Ferðafélag Íslands.

**BL:** Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.

**Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi*. 1858–1878. I–II. bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I–XV. bindi. 1857–1972.

Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

**HJ:** Halldór Jónsson. 1954. *Ljósmyndir II – Endurminningar*. Reykjavík, Áttthagafélag Kjósverja.

**H-kort 36 SV:** Herforingjaráðskort 36 SV Botnsheiði - Kjós: Reykjavík. 1:50.000. Útgáfuár 1910.

**JÁM III:** Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 1923-1924.

III. bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.

**JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

**Kjósarmenn:** Haraldur Pétursson. 1961. *Kjósarmenn. Æviskrár*. Reykjavík, Áttthagafélag Kjósverja.

*Lög um menningarminjar 80/2012.*

Sólveig Guðmundsdóttir Beck (ritstj.). 2012. *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III: Reynivellir, Vesturkot, Seljadalur, Sogn, Hvítanes, Þrándarstaðir, Ingunnarstaðir og Hrísakot*. FS 496-07123. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

**Túnakort 1917:** Túnakort Kjósarhrepps 1917. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

**Veiðimaðurinn:** Albert Erlingsson. 1948. „Fyrstu tilraunir til klaks á Íslandi.“ *Veiðimaðurinn* 7(15), bls. 32.

**Ö-Reynivellir:** Örnefnalýsing Reynivalla. [Án árs]. Heimildamenn séra Halldór Jónsson og Sigurjón [eftirnafn ólæsilegt] í Sogni. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Reynivellir ath og viðb.** GBK: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Reynivalla. 1975. Gunnar Finnbogason gerði athugasemdir. Guðmundur B. Kristmundsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Reynivellir ath og viðb.** PB: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Reynivalla. 1976. Guðmundur Á. Jónsson frá Sogni gerði athugasemdir. Páll Bjarnason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Heimildamaður*


Gunnar Kristjánsson, 10.08. 1943.



## Hnitaskrá ISN93

| Auðkenni      | Austur | Norður |
|---------------|--------|--------|
| GK-348:014    | 378391 | 428428 |
| GK-348:019    | 378825 | 428684 |
| GK-348:020    | 378393 | 428463 |
| GK-348:023    | 377748 | 428665 |
| GK-348:024    | 378656 | 428250 |
| GK-348:026 01 | 379115 | 427092 |
| GK-348:026 02 | 379144 | 427113 |
| GK-348:026 03 | 379127 | 427101 |
| GK-348:028    | 379187 | 427233 |
| GK-348:036    | 377932 | 428798 |
| GK-348:043    | 378230 | 428539 |
| GK-348:046 01 | 377951 | 428947 |
| GK-348:046 02 | 377868 | 428899 |
| GK-348:049    | 379117 | 427460 |
| GK-348:050    | 378646 | 428093 |
| GK-348:051    | 378032 | 428814 |
| GK-348:052    | 378017 | 428819 |
| GK-348:053    | 378005 | 428711 |
| GK-348:054    | 378297 | 428488 |
| GK-349:001    | 377953 | 428835 |
| GK-349:002    | 377943 | 428806 |
| GK-349:003    | 377950 | 428814 |
| GK-349:004    | 377814 | 428792 |
| GK-349:005    | 377801 | 428774 |
| GK-349:006    | 377832 | 428790 |
| GK-349:007    | 377827 | 428792 |
| GK-349:008    | 377798 | 428821 |
| GK-349:009    | 377907 | 428812 |

Minjakort



# Minjakort 1

